

Fundargerð stjórnar Fimleikasambands Íslands

8. fundur, haldinn í sal B í byggingu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, þriðjudaginn 14. janúar 2020, kl. 17:00.

Fundinn sátu: Arnar Ólafsson, Kristinn Arason, Hulda Árnadóttir, Harpa Þorlákadóttir og Sólveig Jónsdóttir.

Boðuð forföll: Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir, Kristín Ívarsdóttir, Þór Ólafsson og Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir.

Fundargerð ritaði: Hulda Árnadóttir.

- 1. Reglugerðir FSÍ – Til kynningar**
 - Almennar ferðareglur
 - Móta og keppnisreglur
 - Reglur um viðurkenningar
 - Starfsreglur

Ofangreindar reglur hafa verið afgreiddar af laganefnd FSÍ. Eftir standa fáeinar athugasemdir. Framkvæmdastjóra er falið að vinna úr þeim og leggja reglurnar fyrir næsta stjórnarfund til samþykktar.

- 2. Skráning á leyfum**

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðunni. Augljóst er að vanhöld eru á skráningu hjá mörgum félögum einkum á koparleyfum. Gerð er grein fyrir stöðunni varðandi þau félög sem um er að ræða. Umræður.

Ákveðið að herða verulega á eftirliti með skráningu í leyfiskerfið og virkja 7. gr. reglugerðar um leyfiskerfi FSÍ um afturköllun keppnisleyfis ef vanhöld eru á.

- 3. Ferðakostnaður fyrir þá iðkendur í úrvalshópum sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins**

Bréf til stjórnar frá afreksstjóra FSÍ í áhaldafimleikum. Í bréfinu er óskað eftir afstöðu stjórnar til þess hvernig koma eigi til móts við iðkendur í úrvalshópum sem búsettir eru úti á landi vegna þess viðbótarkostnaðar sem þau verða fyrir við það að sækja æfingar á





höfuðborgarsvæðinu þar sem yfirgnæfandi meirihluti iðkenda er búsettur. Gerð er sú tillaga að FSÍ greiði annað hvort ferðakostnað þessara iðkenda eða eftir atvikum bæði ferða- og gistikostnað þeirra.

Umræður. Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir fjölda iðkenda og æfinga sem og fyrirkomulagi hjá öðrum aðildarfélögum ÍSÍ. Ákveðið að fela framkvæmdastjóra í samráði við afrekstjóra að útfæra frekar með hvaða hætti hægt er að koma til móts við umrædda iðkendur og leggja fyrir stjórn á næsta fundi.

4. Staða á innheimtu og níu mánaða uppgjör 2019 – Til upplýsingar

5. Styrkur til unglunga úr afrekssjóði FSÍ

Umræður. Frestað.

Fundi slitið kl. 19:30.

9. fundur stjórnar verður haldinn á skrifstofu FSÍ, þriðjudaginn 4. febrúar 2020, kl. 12:00.

